



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. janúar 2003**

Góðir Íslendingar

Ég óska ykkur öllum heilla og góðs gengis og þakka margar ánægjulegar samverustundir á liðnu ári. Sannarlega var það viðburðaríkt og skilaði þjóðinni fjölþættum ávinningi.

Við höfum um nokkurt skeið notið meiri farsældar en áður þekktist, þjóðartekjur vaxið jafnt og þétt, athafnamenn orðið sífellt umsvifameiri um veröld víða, hagnaður ýmissa fyrirtækja greindur í tölum sem eru utan mælikvarða almennings og þorri þjóðarinnar hefur notið góðs af framförunum.

Okkur eru daglega sagðar nýjar fréttir af ávinningum í atvinnulífi, nýsköpun í markaðsmálum og kaupum og sölu á fyrirtækjum þar sem verðmætið er mælt í milljörðum króna. Áformað er að hefjast handa innan tíðar um mestu fjárfestingar og framkvæmdir sem um getur í sögu Íslands og verður að grípa til heildarútgjalda ríkisins alls til að ná þar samanburði.

Aldrei fyrr hafa Íslendingar haft jafnmikla fjármuni milli handa. Tækifærin til góðra verka eru fleiri en nokkru sinni í sögu þjóðar. Það er því óneitanlega þversögn að einmitt í slíkri gósentíð skuli fátækt aukast ár frá ári.

Mæðrastyrksnefnd, Hjálparstofnun kirkjunnar, Rauði krossinn, félagsmálastofnanir og Hjálpræðisherinn hafa öll á jólaföstu borið okkur sömu sögu. Sífellt fjölgar þeim sem leita ásjár í neyð, eiga ekki fyrir mat og eru svo bjargarlausir að geta ekki klætt börn sín eða leyst út lyf sem lækna telja nauðsynleg, mæður hrekjast með börnin úr einu húsnæði í annað, óvissa og úrræðaleysi fyllir hugann örvæntingu og sumir hafa glatað andlegri heilsu í baráttu við sára fátækt.

Margir eiga vísast bágð með að trúa að þessi lýsing geti verið rétt, að fólki séu búin þessi hörðu örlög á Íslandi okkar tíma. Þetta hafi verið veruleiki kreppuáranna og líf fátæks fólks í bókum Tryggva Emilssonar en varla nú. Kannski sé einn og einn svona illa staddur en nánast

Óhugsandi að um mikinn fjölda sé að ræða, óhugsandi að fátækt og eynd séu að skjóta hér rótum við upphaf nýrrar og vonglaðrar aldar. En staðreyndirnar tala því miður skýru máli.

Þúsundir leita nú til hjálparstofnana sem ég nefndi áðan og þeim fjölgar stöðugt sem í fyrsta sinn þurfa að ganga þá þrautagöngu að viðurkenna neyð sína á þennan hátt. Þetta fólk klæðist gömlum fötum sem það fær frá öðrum, neitar sér um alla skemmtun sem kostar fé, biður um aðstoð til að geta glatt börn sín með gjöf á jólum, sér litla von í nýjum degi.

Æ fleiri festast í fátæktargildru, vítahring sem vonlítið virðist að rjúfa þótt viljinn sé ríkur til að bjarga sér sjálfur án annarra hjálpar. Það er bitur reynsla að þurfa að játa neyð sína á þennan hátt, að sigrast á stoltinu sem okkur öllum er innrætt og starfsfólk hjálparstofnana hefur sagt mér frá þeirri sálarkvöl sem heltekur marga sem leita ásjár.

Hverjir eru svona illa staddir? Hvar er fátæktin orðin daglegur gestur? Svörin eru breiður hópur þjóðfélagsþegna: ungar mæður, láglaunafólk, einstæðingar, aldraðir sem eingöngu hafa einfaldan lífeyri úr að spila, öryrkjar sem lifa við lágmarksbætur. Fjöldinn eykst ár frá ári og verður sífellt margbrotnari, í vaxandi mæli fólk í fastri vinnu en launin duga ekki fyrir húsaleigu, venjulegum heimilismat, leikskólagjöldum og öðrum brýnum útgjöldum sem ekki er hægt að komast hjá. Jafnvel þótt báðir foreldrar vinni úti hafa barnmargar fjölskyldur þurft á hjálp að halda, fá matarmiða til að framvísa í verslunum, og sífellt fjölgar einstæðum mæðrum í fullri vinnu sem ekki ná endum saman. Á næsta leiti er svo önnur sveit af ungu barnafólki sem lent hefur í skuldagildru vegna langskólanáms eða húsnæðiskaupa og nær vart endum saman, horfist í augu við greiðsluþrot handan við hornið.

Umræða um þennan vanda hefur ekki verið viðamikil og á vissan hátt er fátækin falin í skugga. Það er helst að fjölmiðlar færi í aðdraganda jóla og áramóta fréttir af Mæðrastyrksnefnd og hjálparstarfi í kirkjum landsins en þó er neyðarhjálpin verkefni þeirra árið allt. Gagnlegar yfirlitsgreinar birtust í Morgunblaðinu á liðnu ári og nokkur umfjöllun varð um verkefni og skyldur sveitarstjórna á þessu sviði í aðdraganda kosninganna. Innan tíðar er væntanlegt viðamikið rit félagsfræðings sem birta mun niðurstöður ítarlegra rannsókna á fátæktinni í landi okkar og þar er leitast við að greina þróunina á liðnum árum og skýra hvað það er í uppbyggingu samfélagsins sem skapar hin grimmu örlög fátæktar við aldhvörf.

Að öðru leyti hefur að mestu ríkt þögn um þessa skuggahlið, meinið sem virðist vaxa jafnt og þétt. Öryggisnetið sem við héldum að væri traust

og víðtækt og töldum höfuðkost á íslenskri velferð er í raun svo götótt að þúsundir megna ekki af eigin rammleik að framfleyta sér og sínum.

Það hefur verið eindreginn þjóðarvilji að hér væru öllum tryggð lágmarkskjör, að velferðin væri sömu ættar og ríkir með frændum okkar á Norðurlöndum, að aldraðir og sjúkir, einstæðingar og barnmargar fjölskyldur þyrftu ekki að líða skort.

Við höfum á undanförunum áratug náð einstæðum árangri í baráttunni við verðbólguna og fest í sessi stöðugleika í hagkerfinu. Í því verki tóku verkalyðshreyfing, ríkisvald og sveitarstjórnir höndum saman og nutu liðsinnis ábyrgðarmanna í fyrirtækjum.

Við þurfum nú hliðstætt átak til að vinna bug á fátæktinni og gera velferðarnetið svo þétttriðið að það veiti öllum öruggt skjól. Við þurfum að binda á ný þá hnúta sem raknað hafa og taka okkur aðrar norrænar þjóðir til fyrirmyndar í þessum efnum.

Ég heiti á forystusveit launafólksins sem á liðnu ári var í fararbroddi andófsins gegn verðbólgunni að veita nú sams konar leiðsögn í glímunni við fátæktina, að tengja saman ríkisvald og sveitarstjórnir, áhrifafólk í atvinnulífi og liðssveitir í hjálparstarfi og festa í sessi endurbætur sem tryggi að Ísland sé ekki lengur eftirbátur annarra á Norðurlöndum.

Við verðum að hafa einurð til að horfast í augu við það sem miður fer um leið og við fögnum glæsilegum árangri á mörgum sviðum. Á nýliðnu hausti tókst einstaklingi að opna augu okkar allra fyrir eineltinu sem breiðst hefur út um skóla landsins, hvernig ofbeldi og grimmd hafa lamað andlega heilsu, sjálfstraust og lífsgleði margra ungmenna. Samtökin Regnbogabörn urðu vonarneisti þeirra sem liðið hafa kvöl og einsemd og tákn fyrir andóf gegn meini sem alltof lengi hafði legið í þagnargildi. Úr því að hugsjónamaður gat með fórnfúsu starfi breytt hugsunarhætti þjóðarinnar hlýtur landsátak gegn fátæktinni þar sem verkalyðshreyfing og áhrifafólk í stjórnámálum og atvinnulífi taka höndum saman svo sannarlega að valda þáttaskilum.

Kærleikurinn í annarra garð hefur verið kjarninn í þeim siðaboðskap sem Íslendingar hafa lengi fylgt, umhyggja og umburðarlyndi verið leiðarljós kristinnar trúar. Þess er mikilvægt að minnst þegar fordómar og ofbeldi virðast í vaxandi mæli vera að skjóta hér rótum. Það er orðið nánast daglegt brauð að Íslendingar sem bera annan hörundslit en við erum vön verði fyrir aðkasti og nýir landsmenn sem fæddir eru í fjarlægum álfum og hér hafa árum saman skilað góðu verki mæti fjandskap og hróp séu gerð að þeim á götum úti.

Æska landsins hefur greiðan aðgang að ofbeldisleikjum og barsmíðar, slagsmál og samfelld dráp eru sú veröld sem skemmtanaíðnaðurinn framleiðir á færiband. Við sem eldri erum og ábyrgð eigum að bera gerum okkur ekki nægilega grein fyrir hvaða áhrif þessi síbylja ofbeldis hefur á huga og hegðun unga fólksins. Þess vegna vakti það mig til alvarlegrar umhugsunar að lesa bréf sem mér barst á haustdögum frá ungum manni sem átti aðild að alvarlegri líkamsárás. Hann sagði í sínu bréfi:

„Vinur minn hefði aldrei getað gert sér grein fyrir því að eitt spark gæti leitt mann til dauða. Skilaboðin sem heimurinn sendir inn í hug svo margra ungra drengja eru þau að slagsmál séu töff og þau að fólk geti slegist eins og í kvikmyndum þar sem þau hafa engin áhrif. Gerð er hetja úr manni sem nær að lemja flesta og konur laðast að þeim í kvikmyndum. Sem sagt þetta er sett upp eins og það sé flott að berja fólk. Enginn getur ímyndað sér að slagsmál leiði til dauða.“

Þannig hljómar kafli úr bréfi hins unga ógæfumanns og hann hvatti til að hafin yrði herferð gegn ofbeldi með fræðslu í öllum skólum landsins. Og hann bætti við:

„Ef þetta gæti snúið bara einum frá því að lenda í sömu stöðu og ég og vinur minn erum í þá væri takmarkinu náð.“

Já, reynsluheimur kynslóðanna hefur tekið miklum stakkaskiptum. Ræturnar sem hinir eldri áttu í dreifðum byggðum eru að slitna og trúnaðarböndin sem settu svip á samfélag til sveita og í sjávarþorpum óðum að trosna.

Bækurnar um Nonna og Hjalta litla sem við lásam á æskuárum með mikilli gleði eru nú ungu fólki framandi heimur. Nýjar kynslóðir ganga ekki lengur moldargötur eftir kúnum eða sækja soðningu niður á bryggju. Þær alast upp að stærstum hluta á malbikinu, eiga rætur í hverfum borgar sem teygir sig frá miðbæ Reykjavíkur gegnum Kópavog og Garðabæ til Hafnarfjarðar, út á Seltjarnarnes og upp í Mosfellsbæ. Þótt mörg sveitarfélög komi hér að stjórn er byggðin í raun orðin ein heild, ung borg í hröðum vexti, á margan hátt óskrifað blað, býsna efnileg á mörgum sviðum þótt erfitt reynist að glíma við mannleg vandamál sem að höndum ber.

Reykjavík og nágrennabyggðir munu á nýrri öld þurfa að veita umfram aðra svarið við spurningunni: Hvað felst í því að vera Íslendingur? Höfuðborgarsvæðið hefur tekið í arf það viðfangsefni sem Skagafjörður, Þingeyjarsýsla, Vestfirðir og aðrar byggðir sinntu áður: Að gefa nýjum kynslóðum vitund og vilja, að tryggja kjölfestu áttuganna. Í

framtíðinni verður uppruni þorra landsmanna hér í nágrenninu og Reykjavíkursvæðið sá veruleiki sem mestu mun ráða um þjóðarsvip.

Togstreitan sem löngum ríkti á liðinni öld milli landsbyggðar og höfuðborgar kom kannski í veg fyrir að við sæjum skýrt þau þáttaskil sem orðið hafa í glímunni um vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur. Hinn mikli þungi sem íbúafjöldinn felur í sér færir Reykjavík og nágrennabæjum þá miklu ábyrgð að gefa nýjum kynslóðum reynslu og rætur sem styrkja munu stöðu Íslands á nýrri öld.

Og vissulega er margt sem lofar góðu í þeim efnum. Hæfileikar unga fólksins hafa verið að skapa Reykjavík einstakt orðspor á alþjóðavísu. Hingað streyma á hverju ári áhrifamenn í tónlistarheimi til að uppgötva hljómsveitir sem rétt eru komnar af táningsaldri og Reykjavík er orðin tákn fyrir frumkraft og sköpun í tónlistarveröld unga fólksins. Hljómsveitir eins og Sigur Rós, Múm og Quarashi hafa borið hróður Íslands víða um lönd og þúsundir í erlendum borgum flykkjast á tónleika þeirra. Kannski er þetta unga tónlistarfólk Fjölnismenn okkar tíma og kennir okkur hvernig hægt er að eiga reykvískar rætur og vera einnig heimsborgari. Og merkileg var umræðan fyrir í vetur um að sumir rapparar kynnu betri skil á íslensku máli en þeir sem kenna í Háskólanum.

Ný kynslóð í bókmenntum og tónlist, kvikmyndum, myndlist, dansi og öðrum greinum er að sýna umheiminum sköpunarkraftinn sem í þjóðinni býr, gera nútímamenningu Íslendinga að erindi okkar við umheim allan.

Það er reyndar á fleiri sviðum sem reynslan úr borgarsamfélagi Reykjavíkur og nágrennabyggða hefur laðað fram hæfileika og þjálfað svo gjaldgengir verða á heimstorgum. Á liðnu ári birtust okkur fjölmargar sannanir þess hvernig viðskiptareynsla héðan að heiman getur orðið undirstaða milljarðareksturs á erlendri grund og í flestum tilvikum var forystan í höndum unga fólksins.

Lítill verslun sem hóf starfsemi fyrir rúmum áratug í úthverfi Reykjavíkur hefur vaxið í alþjóðlega keðju sem rekur nú hundruð búða í Vesturheimi, vöruhús á Norðurlöndum og keppir um heimsþekktar verslanakeðjur á Bretlandseyjum. Reynslan af rekstri gosdrykkjaverksmiðju hér heima varð á undraskömmum tíma grundvöllur risafyrirtækis í Rússlandi. Þekking og agi úr lyfjaframleiðslu í íslenskri borg er nú undirstaðan að viðamiklum og vaxandi umsvifum vítt og breitt um austanverða Evrópu. Smíði gervilima fyrir fólk sem slasast hefur eða veikst af sykursýki og upphaflega var á einni hæð við Hverfisgötu er nú orðið eitt öflugasta fyrirtækið á heimsvísu í sinni grein. Verðbréfasala sem í byrjun var tengd íslenskum sparisjóðum hefur í höndum ungra kunnáttumanna breyst í alþjóðlega bankastofnun.

Dæmin eru ennþá fleiri og ná einnig til hugbúnaðar og tölvutækni, matvælaframleiðslu og nýjunga í fiskiðnaði. Velflest eiga þessi fyrirtæki það sammerkt að hafa kviknað og þroskast á markaðssvæði Reykjavíkur og lúta að verulegu leyti forystu kynslóðar sem er nýlega komin til verka.

Athafnasemi unga fólksins, árangur þess í menningu og listum, viðskiptum og atvinnulífi eru vissulega sönnun þess að hægt er að vera í fremstu röð á heimsvísu en varðveita um leið íslenskar rætur, að reynslan sem fæst hér á heimaslóð getur verið undirstaða verulegs árangurs annars staðar í veröldinni.

Það er gæfa fyrir fámenna þjóð sem um aldir var fátæk og þurfti að sækja sér sjálfstæði með einarðri baráttu í hundrað ár, að sjá skýr merki þess á okkar tíð að nýjar kynslóðir ætla sér að sameina heimssýn og íslenskar rætur.

Sköpunarkrafturinn sem birtist í endurnýjun íslenskrar menningar og hugmyndaríku atvinnulífi gefur okkur fyrirheit um að Íslendingar muni halda sínu í veröldinni, að kynslóðin sem nú haslar sér völl muni færa þjóðinni nýtt blómaskeið.

En þá skiptir líka miklu að samheldnin sem verið hefur arfleifð Íslendinga haldi áfram að móta þjóðarbrag, að við gleymum ekki bræðrum okkar og systurum sem eiga á brattann að sækja.

Ég óska ykkur öllum farsældar á nýju ári og bið og vona að gæfa fylgi ávallt Íslendingum.